

## 2. gr.

Grein 2.14.1.5.1. orðist þannig:

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er sbr. 2.14.1.5.3.

## 3. gr.

Ný grein sem verði 2.14.1.5.3. skal orðast svo:

Gildistími 2. flokks heilbrigðisvottorðs fisflugmanna er 60 mánuðir til 30 ára aldurs og síðan 24 mánuðir. Þó getur fluglæknir stýtt gildistímann sýnist honum ástæða til. Sérstök takmörkun skal færð í vottorðið um að það gildi einvörðungu fyrir fis. Þessi sérákvæði um gildistíma gilda ekki um 2. flokks heilbrigðisvottorð vegna annarra flugmannsskírteina en fisflugmannsskírteina. Sjá JAR-FCL 3.105.

*Samgönguráðuneytinu, 30. maí 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu og stækkun á deiliskipulagssvæði miðbæjar Stykkishólms.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr skipulags- og byggingarlaga samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 26. maí 2005 deiliskipulagsbreytingu og stækkun á miðbæjarskipulagi Stykkishólms.

Breytingin er í eftirfarandi meginatriðum:

1. Deiliskipulag við Laufásveg og Borgarbraut frá 2003 er felld inn í deiliskipulag miðbæjarins auk annara breytinga.
2. Lóðir suðaustan Laufásvegur eru felldar inn í deiliskipulag miðbæjarins.
3. Gerðar eru breytingar á og innan nokkurra lóða við Aðalgötu og Laufásveg auk þess sem fallið er frá því að tengja saman Laufásveg og Víkurgötu.

Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi deiliskipulag af Laufásvegi og Borgarbraut frá árinu 2003.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 6. júní 2005.*

**Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir,** skipulags- og byggingarfulltrúi.